



Borgarráð

Fossvogsvegur 8, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að úthluta, Nýbraut ehf. kt. 611108-0520, Borgartúni 31, 105 Reykjavík, lóð og selja byggingarrétt fyrir fjölbýlishús að Fossvogsvegi 8, Reykjavík. Verð byggingarréttar er kr. 211.000.000.- þar af er gatnagerðargjald, miðað við 3008 fermetra A og B rými í fyrirhugðu húsi, kr. 34.775.488.- og er greitt fyrir byggingarrétt kr. 176.224.512.- Nýbraut ehf. bauð hæst í byggingarréttinn í útboði sem lauk þann 4. desember 2017.

Samkvæmt útboðsskilmálum um Fossvogsveg 8, skal staðgreiða kaupverðið innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs á úthlutun þessari.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni. Viðbótargatnagerðargjaldið skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út. Ef byggingarréttur á lóðinni eykst eða samþykkt er breytt húsagerð áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til þess að endurskoða söluverð byggingarréttar á lóðinni og innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt.

Tengigjald fráveitu greiðist skv. gjaldskrá Veitna sem annast innheimtu gjaldsins og annarra gjalda vegna inntaks hita- og rafmagnsveitu.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um viðkomandi lóð nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Með undirritun lóðarhafa á lóðarumsókn fólst viðurkenning hans á því, að hann hafi kynnt sér þá skilmála og reglur sem um lóðarúthlutunina og viðkomandi lóð gilda og sé reiðubúinn til þess að hlíta þeim. Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður þegar lóðin en greidd.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir Fossvogsveg 8, samþykktir í borgarráði 12. október 2017, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013 og deiliskipulagsskilmálar fyrir Vigdísarlund sem samþykkt er í B-deild Stjórnartíðinda 4. júlí 2017. Skilmálarnir eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir.

Hrólfur Jónsson

